

Rammasamningur Samtaka náttúrustofa og Hólaskóla – Háskólans á Hólum varðandi samstarf um rannsóknir og kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum.

Samtök náttúrustofa (SNS) annars vegar og Hólaskóli - Háskólinn á Hólum hins vegar gera með sér eftirfarandi rammasamning um eflingu samstarfs:

Markmið

Markmið samningsins er að auka samstarf og faglegt samráð ofangreindra aðila um kennslu og rannsóknir í náttúru- og umhverfisfræðum. Þannig eflist starfsemi stofnananna m.a. með samvinnu starfsfólks og samnýtingu á aðstöðu. Með þessu móti er mætt mikilli og vaxandi þörf í landinu fyrir háskólamenntun og rannsóknir á þessu sviði, ekki síst á landsbyggðinni. Lögð verði áhersla á að samstarfið leiði til þekkingar og menntunar í hæsta gæðaflokki sem standist í einu og öllu alþjóðlegan samanburð.

Forsendur

SNS eru samtök náttúrustofa á Íslandi. Innan vébanda samtakanna eru: Náttúrustofa Austurlands, Náttúrustofa Norðausturlands, Náttúrustofa Norðurlands vestra, Náttúrustofa Vestfjarða, Náttúrustofa Vesturlands, Náttúrustofa Reykjaness og Náttúrustofa Suðurlands.

Náttúrustofurnar starfa á vegum sveitarfélaga en samningur var gerður milli umhverfisráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri þeirra. Hlutverk þeirra samkvæmt lögum er: m.a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir einkum í þeim landshlutum sem stofurnar starfa, veita fræðslu og ráðgjöf um umhverfismál og náttúrufræði.

Hólaskóli er háskólastofnun sem er miðstöð kennslu og rannsókna á sviði fiskeldis og fiskalíffræði, ferðamálafræði, hestastræða og hrossaraðktar. Skólinn tekur einnig þátt í rannsóknum og kennslu í fornleifafræði. Eitt af markmiðum skólans er að rækta tengsl við fyrtæki, stofnanir og fræðasetur í hinum dreifðu byggðum og efla þannig þekkingar- samfélagið á landsbyggðinni.

Kennsla og rannsóknir

Hólaskóli býður nám á háskólastigi í fiskeldi og fiskalíffræði, hestastræðum og ferðamálafræði með áherslu á náttúru og menningu. Hólaskóli hefur á undanförnum árum tekið að sér leiðbeiningu og lagt til aðstöðu fyrir nema í B.S., meistara og doktorsnámi í samvinnu við ýmsa innlenda og erlenda háskóla. SNS og Hólaskóli stefna að samstarfi um kennslu og námskeiðahald bæði í B.S. námi og við kennslu og leiðbeiningu nema í framhaldsnámi. SNS og Hólaskóli stefna að virku samstarfi um rannsóknir, með áherslu á þátttöku nemenda. Þessar rannsóknir spenna grunn- og hagnýtar rannsóknir í náttúru- og umhverfisfræðum, ferðamálafræðum og tengdum sviðum svo sem fornleifafræði. Samvinna verður við stofnanir og fyrtæki hér lendis og erlendis.

Aðstaða

Stofnanirnar munu samnýta aðstöðu og tækjabúnað til kennslu og rannsókna eins og unnt er. Hólaskóli leggur til sérhæfða kennslu- og rannsóknarstöðu á Hólum og á Sauðárkróki. Þessi aðstaða hentar vel til kennslu í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi, sem og til margvíslegra rannsókna. SNS leggur til rannsóknarstöðu og tækjabúnað á náttúrustofunum sem nýtist til rannsókarverkefna, m.a. í tengslum við námsverkefni í grunnnámi sem og við meistara- og doktorsnám.

Verkefni og fjármögnun

Samstarf um kennslu og rannsóknir mun aðallega snúast um skilgreind verkefni. Stofnanirnar munu leita sameiginlegra rannsóknarstyrkja, hérlandis og erlendis, auk annarrar fjármögnumar, t.d. frá fyrirtækjum eða stjórnvöldum. Um hvert verkefni, framvindu þess og kostnaðarskiptingu skal gera sérstakt minnisblað.

Stjórnun og miðlun

Skipulag, fjárhagslegur rekstur og framvinda samnings þessa skal vera samþykkt af stjórn SNS, forstöðumönum náttúrustofanna og rektor Hólaskóla. Gerð skal grein fyrir samstarfinu í opinberu kynningarefni og ársskýrslum afangreindra stofnana. Aðilar sameinast um kynningu á þeim möguleikum til menntunar og rannsókna sem samstarfið felur í sér sem og á öllum rannsóknaniðurstöðum.

Húsavík, 4. nóvember 2005

F. h. Samtaka náttúrustofa

Þorleifur Eiríksson
Þorleifur Eiríksson
formaður

F. h. rektors Hólaskóla – Háskólans á Hólum

Stefán Óli Steingrímsson
Stefán Óli Steingrímsson
sérfræðingur